



Hvað og hvernig læra börnin í leikskólanum Undralandi



Leikskólinn starfar eftir...

- Aðalnámskrá leikskóla
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>
- Lög um leikskóla <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>
- Heilsueflandi leikskóli <https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>
- En einnig aðhyllist leikskólinn hugmyndafræði Reggio Emilia
 - Þar sem meðal annars er lögð áhersla á skapandi tjáningu barnanna í leik og starfi. Hlutverk okkar kennarana er að styðja við sköpunargleði þeirra, sjálfstæði, hvetja þau til að prófa sig áfram og finna lausn á hlutunum og hafa trú á eigin getu til að afla sér þekkingar og reynslu.
 - „Börn eru gullnáma, en hlutverk fullorðinna er að fá gullið til að glóa“
 - (Börn hafa hundrað mál 1988:71)



Grunnþættir menntunar

Læsi

Sjálfbærni

Heilbrigði og
velferð

Lýðræði og
mannréttindi

Jafnrétti

Sköpun

Áherslur

- Að börnunum líði vel
- Að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- Að börnin læri samkennd
- Að börnin öðlist sjálfstæði
- Jákvæð samskipti
- Jákvæður agi
 - Hrósr, hvatning, kenna viðeigandi/jákvæða hegðun
 - Útivist og útikennsla, kynnast náttúru og nærumhverfi



Dagskipulagið

- Viljum við að einkennist af frjálsum leik
- Leikurinn er aðalnámsleið barnsins
 - Læra samskipti
 - Bera virðingu fyrir því sem aðrir gera
 - Máta reynslu sína við annarra
 - Læra af öðrum
 - Kennarar nota opnar spurningar í leik, hvað, hvernig, hvers vegna?
- Frjáls aðgangur að leikefni og læsishvetjandi efnivið
 - Fjölbreytt leikefni sem reynir á fjölbreytta þroskapætti, blöð, blýanta, liti, skæri og bækur.
- Skipulagðar stundir á hverjum degi þar sem er oft ákveðin innlögð í upphafi stundar eða farið yfir eitthvað ákveðið efni hverju sinni.
 - Lubbastundir(málörvun), hópastarf, myndlist og sköpun, hreyfing, útikennsla, Vináttustundir með Blæ, samverustundir, ávaxtastundir, lestur/hvöld o.fl.



Dæmi um frjálsan leik og hvernig grunnþættir menntunar fléttast við það þegar börnin eru í frjálsum leik

- 5-6 drengir saman í útivist, leikurinn gekk út á það að þá langaði að grilla sykurpúða í leiknum, þeir ræddu um það hvað þeir þyrftu til þess, prik fyrir sykurpúðana en þeir höfðu bara langar greinar(þeir fundu það út að þeir þyrftu að saga greinina og söguðu sjálfir í hæfilegar lengdir), þeir þurftu eldstæði til að kveikja bál, mundu eftir eldstæðinu úti í skógi og þá var farið að safna drumbum og steinum til að búa til eldstæði- það þurfti að finna góðan stað og passa upp á gróðurinn í kring. Á meðan á þessu öllu stóð var mikil samvinna í gangi og umræður, í leik í stórum hóp þarf að geta hlustað á félagana, taka tillit til annarra og taka þátt.
- Kennari fylgdist með, spurði opinna spurninga og aðstoðaði drengina við að rifja upp fyrri reynslu af eldstæðum.

Frjáls leikur...

- Tengist grunnþáttum menntunar á margan hátt, lýðræði (samræður og samvinna), hreyfing og velferð (hjóla með drumbana og færa þá til, saga), læsi (lesa í náungann og umhverfið) 😊
- Svona má í raun skoða hvern einasta þátt leikskólastarfsins, allt tvinnast saman og unnið að mörgu í einu. Það er ekki alltaf áþreifanleg afurð (klárað verkefni, bók, listaverk eða annað) af því sem við lærum, heldur er það oft ýmiskonar hæfni og vitneskja 😊
Óteljandi dæmi til um það hvernig börnin læra í gegnum leikinn.

Hreyfing





- Hvert barn fer einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund í íþróttahúsinu þar sem er unnið með almannan hreyfiproska, hlustun og margt fleira.
- Skapa jákvætt viðhorf til hreyfingar.



Útikennsla

- Við viljum gera útikennslunni hátt undir höfði í leikskólanum okkar.
- Börn njóta sín oft betur undir berum himni.
- Viðfangsefnin eru oftast náttúran, nærumhverfið og samfélagið okkar
 - Sem síðan tvinnast saman við samskipti, frjálsan leik, málörvun og margt fleira!
 - En einnig að læra að fara út fyrir leikskólalóðina, fylgja fyrirmælum og halda hópinn ☺
- Börnin fara að minnsta kosti einu sinni í viku í útikennslu út fyrir leikskólalóðina en útikennslan getur líka farið fram á leiksvæðinu okkar.
- Mismunandi markmið í útikennslu sem fara eftir aldri og þroska barnanna.



Hópastarf

- Unnið með þema hvers mánaðar á fjölbreyttan hátt eða út frá áhuga hópsins 😊
 - Leikur
 - Samskipti
 - Sköpun



Lubbi finnur málbein- málörvun



- Öll börnin fara einu sinni í viku og hitta Lubba.
- Börnin kenna honum íslensku málhljóðin (hljóð bókstafanna)
 - *Hljóðasmiðja Lubba byggir að stórum hluta á doktorsrannsókn Þóru Másdóttur (2008) um hljóðþróun ungra barna sem og á nýrri rannsókn um framburð 2 - 8 ára barna (Þóra Másdóttir, 2014). Höfundar (Lubba) rýndu í niðurstöður rannsóknarinnar og í bókinni Lubbi finnur málbein (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2009) var málhljóðunum raðað að stórum hluta upp eftir tileinkunarröð, þ.e. í þeirri röð sem íslensk börn tileinka sér málhljóðin. Hljóðasmiðja Lubba byggir á sama grunni og er lögð sérstök áhersla á málhljóðin þótt bókstafirnir birtist sem fulltrúar þeirra, m.a. í þeim tilgangi að tengja saman hljóð og stafi í vinnu með lestur og ritun.*
 - <http://lubbi.is/index.php/rannsoknir>
- Í Lubbastund-málörvun
 - Leikum við okkur með tungumálið okkar
 - Förum í málörvunarleiki sem reyna á hina ýmsu þætti málþroska og undirstöðupætti læsis.
 - Orðaforði
 - Skilningur
 - Hljóðkerfisvitund og margt fleira.
 - Lubbi ferðast um landið og við ferðumst með honum, lærum um dýr, ýmsa staði á Íslandi og íslenskar plöntur og jurtir.
 - Lubbi fer líka stundum með okkur í útikennslu og í íþróttahúsið ☺
 - Í lok Lubbastundar æfum við okkur oft í finhreyfingum, klippa, teikna, þræða o.þ.h.

HLJÓÐKERFISVITUND

HVAÐ ER HLJÓÐKERFISVITUND?

Það er skilningurinn og tilfinningin fyrir uppbyggingu tungumálsins. Það er ákveðin tilfinning fyrir tungumálinu, að geta leikið sér að tungumálinu, t.d. tekið út hljóð, bætt inn hljóðum, rímað, klappað, teyggt úr hljóðunum. Góð hljóðkerfisvitund gerir okkur kleift að leika okkur með tungumálið því við höfum ákveðna tilfinningu fyrir því.

HVERNIG ÞJÁLFAUM VIÐ HLJÓÐKERFISVITUND?

Hægt er að þjálfa hljóðkerfisvitund strax á leikskólaaldri, t.d. með leikjum þar sem verið er að leika sér með hljóð tungumálsins, svo sem að ríma saman, klappa atkvæði og greina hljóð í orðum.

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ ÞJÁLFA HLJÓÐKERFISVITUND?

Hljóðkerfisvitund hefur mikið forspárgildi varðandi lestrarerfðleika og þjálfun skilar betri árangri í lestrarnámi.

RÍM
BÍLL - FÍLL

KLAPPA ATKVÆÐI/HLJÓÐBÚTA
SÜKK-U-LA-ÐI

GREINA HLJÓÐ Í ORÐI
ER /SSSS/ Í ORÐINU SÖLT

HLJÓÐEYÐING
HVERNIG BREYTIST ORÐIÐ EF
ÉG TEK /A/ ÚR ÁSA?

TILFÆRSLA HLJÓÐA
MÚS - SETTU /H/ Í STAÐINN
FYRIR /M/

Vinátta-Blær

- **Vinátta byggist á nýjustu rannsóknum á einelti og á ákveðinni hugmyndafræði og gildum sem mikilvægt er að séu samofin öðru starfi þeirra skóla sem vinna með efnið. Auk þess byggir *Vinátta* á raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfolk og foreldra. Þátttaka allra í þessu forvarnarverkefni er grundvöllur þess að vel takist til. Gert er ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér þessi grunngildi við vinnu og í samskiptum innan skólasamfélagsins.**
 - ***Vinátta* felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti og hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð er sérstök áhersla á að ná til þeirra barna og fullorðinna sem verða vitni að einelti og hvetja þau til að bregðast við því.**
 - <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta/um-vinattu>
 - Skemmtilegir hópleikir og vináttuspjall.
 - Rætt um vináttu, samskipti og tilfinningar
 - Dæmisögur
 - Tónlist
 - <https://open.spotify.com/album/1c7JKpy1KyqijvVCPI3smi?si=POG5Fp7pRD--cLPEjvcidA>
 - <https://open.spotify.com/album/5XM2fBShsyHatU1JYEj9to?si=hcuSV3GMTH6MjyaRXx-jYw>
 - Vinanudd
- Hvetjum ykkur foreldra til að kynna ykkur efnið og tónlistina sem er mjög skemmtileg!**

Vinátta

Gildi Vináttu

Umburðarlyndi

Að viðurkenna margbreytileika hópsins, líta á hann sem styrk og koma fram við alla sem jafningja.

Virðing

Að virða og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og kunna að meta sérkenni hvers og eins.



Umhyggja

Að sýna öllum áhuga, samkennd, umhyggju og hjálpssemi.

Hugrekki

Að þora að segja frá og setja mörk, að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttðæti.

Gott að ræða líka heima um vináttu,
framkomu við aðra og orð sem við notum ☺

Stuðlaðu að góðum samskiptum og vináttu í leikskóla barnsins þíns

- ráð til foreldra



- 1 Sýndu barninu þínu stuðning í að umgangast sem flest börn í leikskólanum.
- 2 Talaðu alltaf af jákvæðni um önnur börn í leikskólanum, foreldra þeirra og starfsmenn leikskólans.
- 3 Komdu á sameiginlegum hefðum með öðrum foreldrum og starfsmönnum leikskólans varðandi afmælisdaga barnanna, heimboð og fleira.
- 4 Hvettu barnið þitt til þess að segja frá og til þess að styðja félagi sína og verja.
- 5 Hlustaðu á aðra foreldra af jákvæðni þegar þeir tala um málefni barna sinna.
- 6 Vertu góð fyrirmynd barnsins þíns í orði og verki.

Myndrænt skipulag á deildum og tákn með tali

- Nýtist öllum vel og þá sérstaklega börnum á leikskólaaldri og tvítyngdum börnum
- <http://tmt.is/>



góður



dagur

Skrautás-myndlist og sköpun

- Þriðju hverja viku hefur hver deild aðgang að Skrautás sem er listastofan okkar
- Þegar það er Skrautásvika þá einbeitungu við okkur alfarið að myndlist og sköpun og því hliðrast aðrar skipulagðar stundir til þá viku 😊
- Oft lagt upp með ákveðið þema en börnin ráða för
- Samkvæmt aðalnámskrá er sköpun meðal annars að „uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika“





Karellen samskiptaforritið

- Karellen fyrir leikskóla er einfalt, öruggt og notendavænt kerfi sem styður við og auðveldar faglegt starf í leikskólum.
- Karellen er heildstætt upplýsingakerfi sem er sérhannað fyrir íslenska leikskóla í samstarfi við leikskólastjóra og leikskólakennara.
- **Heimasíða leikskólans**
- **Faglegt starf**
Kostir Karellen felast fyrst og fremst í tímasparnaði og stuðningi við faglegt starf. Stjórnendur hafa allar skráningar á einum stað og því þarf ekki að uppfæra sömu upplýsingar á mörgum stöðum.
- **Örugg upplýsingamiðlun til foreldra**
Í allri hönnun og þróun Karellen er lögð áhersla á að auðvelda upplýsingamiðlun til og frá heimilum. Þegar skráðar eru upplýsingar í kerfið er ekki aukin vinna að birta þær foreldrum. Með því að fá reglulega upplýsingar verða foreldrar í betri tengslum við leikskólann.
- Hvað finn ég á Karellen?
 - Myndir
 - Skilaboð
 - Mætingarskráning
 - Matseðill

Annað...

Sjálfhjálp-við hvetjum börnin til sjálfhjálpar í öllum aðstæðum, gott að gera það heima líka en vera til staðar til að aðstoða og leiðbeina 😊

Útiföt og aukaföt-nauðsynlegt að hafa allt til staðar, gott að hafa meira en minna.

Síbreytilegt veður og oft sem eitthvað verður blautt, gott að hafa t.d. 2-3 pör af ullarvettlingum.

Góð regla að fara yfir leikskólatöskuna um helgar

Mikilvægt að allt (sérstaklega útiföt) séu merkt

Við viljum leggja okkar að mörkum í að vera umhverfisvæn og því biðjum við um fjölnota/endurnýttu poka undir blaut og skítug föt barnanna.

Kæru foreldrar



- Það er okkur mjög mikilvægt að hafa góð og virk samskipti við ykkur svo allir séu meðvitaðir um líðan barnsins ásamt því að samræma aðgerðir ef verið er að taka á einhverju ákveðnu heima og í leikskóla sem tengist barninu.
- Mikilvægt fyrir okkur að vita af stórum og smáum breytingum í lífi barnanna til að við getum betur skilið hegðun og líðan sem getur birst hjá barninu í leikskólanum og unnið út frá því 😊 Börn eru misjafnlega viðkvæm fyrir breytingum.
- Við viljum alltaf heyra frá ykkur, þið getið haft samband með því að hringja, senda skilaboð á Karellen, tölvupóstur, foreldrasamtöl eða stutt spjall(fjarfundir á tímum covid).

A large, irregular orange watercolor splash serves as the background for the text. It has a soft, painterly texture with some darker and lighter shades of orange. Small droplets and splatters of the orange paint are scattered around the main splash, particularly towards the top and right edges.

Góð ráð og
upplýsingar 😊

Hvað get ég sem foreldri gert til að barninu mínu líði vel og sé öruggt með sig í leikskólanum






- Í upphafi dags eða kvöldið áður en barnið fer í leikskólann er gott að undirbúa barnið, fara yfir dagsskipulagið, hvað er verið að fara að gera.
- Tala jákvætt um leikskólann og gera spennandi í augum barnsins það sem verið er að fara að gera, segja t.d. það er gaman í leikskólanum þú ert að fara í útikenngslu (eða annað sem er á dagskránni sem þið eruð búin að fara yfir) og ef þú ferð ekki í leikskólann þá missir þú af.
- Vera með skýr skilaboð um að nú er það að fara í leikskólann og foreldrarnir eru að fara í vinnu eða annað.
- Hafa stuttar kveðjustundir með einu knúsi en ekki langar og dramatískar sem geta skapað óöryggi


- 
- Koma í leikskólann áður en skipulagt starf hefst (samkvæmt vistunartíma) . Eykur öryggi barnsins.
 - Láta leikskólastjóra eða deildarstjóra vita ef breytingar eru væntanlegar hjá barni eða breytingar eru á heimili. Breytingar á heimilum hjá ungum börnum geta skapað óöryggi sem getur brotist út á ýmsan hátt t.d. með breyttri hegðun og/eða vanlíðan hjá barni. Þess vegna er gott að vita hvað er í gangi til að kennarar geti áttað sig á og hjálpað barninu út úr ástandinu.
 - Vera dugleg að eiga samskipti við starfsfólk leikskólans, spyrja og fræðast um hvað er verið að gera og hvernig gekk mínu barni í dag.
 - Vera með jákvæða umfjöllun um leikskólann og starfsfólk leikskólans í eyrum barna
 - Leyfa barninu að tjá sig og hlusta á það ef því líður illa, virða þeirra tilfinningar
 - Hrósa barninu, það er aldrei of oft gert. Það eru mýtur að börnum sem er hrósað verði montin. Þau verða bara sterkari einstaklingar með góða sjálfsmynd
- 

Hvað get ég sem foreldri gert til að efla orðaforða, máltjáningu, málskilning og framburð hjá barninu mínu ?

- Spjalla við barnið á ykkar móðurmáli um allt sem ykkur dettur í hug. Nota tækifæri í bílnum/göngu á heimleiðinni t.d. úr leikskólanum til að tala um það sem var verið gera í leikskólanum
- Segja barninu hvað þú fékkst þér í matinn í hádeginu og spyrja svo hvað það fékk
 - Ekki endilega ætlast til að barnið svari þér þar sem það hefur kannski ekki forsendurnar til þess.
(Muna að barnið er að hlusta og læra)
- Gera þetta að vana á hverjum degi og nýta allar stundir sem til falla til að spjalla um það sem þú ert að gera t.d. þegar þið eru að klæða barnið þá segja nú erum við að fara í bláu skóna og rauðu peysuna getur þú hjálpað mér....
- Nota ný orð og útskýra hvað þau pýða

- Taka undir þegar barnið er að spjalla/babbla þótt þið skiljið ekki hvað það er að segja þá segja já ertu að meina þetta... eða nú heyri ég svo illa getur þú sagt aftur. Og þá að endurtaka það „rétt“ sem barnið segir. Þannig heyrir barnið réttan framburð og smátt og smátt lærir það hann. Ekki krefja barnið um það sem það getur ekki sagt.
- Lesa fyrir barnið á hverjum degi helst oft
- Skoða saman myndabækur og fjalla um þær
- Vanda valið á bókum miðað við aldur og getu barnanna, fjalla um ný orð og setningar
- Lesa á spennandi og lifandi hátt (gefa sögunum líf)
- Nýta bókasafnið það er alltaf gaman að fara þangað
- Halda skjátíma í lágmarki-viðmið fyrir leikskólaaldur
 - <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/uppeldi-barna/skjarinn-og-bornin/>

- 
- Fjölskyldur og vinir geta skipst á bókum það er líka gaman og getur verið góð tilbreyting.
 - Nýta Lubba máhljóðin, börnin eru búin að fara yfir mörg máhljóð og þekkja Lubba mjög vel. Þeim finnst mjög gaman að taka þátt í því sem þau þekkja og eru sterk í.
 - Gera það sem leikskólinn er búinn að leggja til með því að útiloka allan líkamlegan vanda ef áhyggjur eru af framvindu í málþroska, frávik eða vandi er til staðar
 - Láta leikskólann vita af niðurstöðum úr þeirri athugun
 - Fara með barnið í reglubundnar skoðanir á heilsugæslu og segja þar frá áhyggjum ef þær eru til staðar
 - Foreldrar panta tíma í þær skoðanir
 - Hrósa endalaust, nýta gleðina, leikinn og gera allt á jákvæðan hátt í litlum skrefum
- 
- 
- 
- 



Hvað get ég gert
sem foreldri til að
efla barnið mitt í
samskiptum við
börn og
fullorðna?


- **Hér fyrir neðan er smá upptalning á því sem gert er í leikskólanum þegar kemur að samskiptum. Þetta er ekki tæmandi listi. Þið getið vel útfært þetta heima til að efla samskiptin í öllum aðstæðum og við alla**
- Grunnur að öllum samskiptum eru boðskiptin. Hvar og hvernig við segjum/gerum hlutina
- Boðskipti barna byrja þegar þau eru mjög ung með því að eiga samskipti við foreldra og aðra sem eru þeim mjög nán í gegnum fæðu og aðrar grunnþarfir. Eftir því sem börnin eldast þá breytast boðskiptin og barnið gerir meiri kröfur og fer að tjá sig og sínar langanir og líðan.
- Í leikskólanum notum við sögu af dúkku sem heitir Bína og mömmu hennar sem er að kenna henni t.d. að sitja kyrr, passa hendur, bíða, hlusta og skiptast á
- Skilaboðin eru skýr og við þau fullorðnu sem kennum boðskiptin með okkar framkomu/orðum og fasi



Börn þurfa einföld og skýr skilaboð annars geta þau orðið örugg

Í leikskólanum:

- Sitjum við og pössum hendur eins og Bína
- Æfum okkur í að bíða eftir að röðin kemur að okkur
- Æfum okkur í að deila og skiptast á eins og Bína. Viðmið um það sem hægt er að ætlast af barni er 1 mínúta á hvert ár hjá barni (1 árs barn = 1. mín.)
- Æfum börnin í að klára það sem við byrjum á þá er einnig viðmið 1 mín. á hvert ár
- Æfum börnin í að hlusta á kennarann eins og Bína
- Við beygjum okkur niður að barninu og náum augnsambandi við barnið eða klöppum létt á öxlina á því

Gott er að nota sömu skilaboð heima og í leikskóla

- 
- Við minnum börnin á að nota orðin sín frekar en grátinn
 - Við minnum börnin á að tala fallega og biðja um hjálp
 - Við hvetjum og hrósum fyrir allt það litla sem vel er gert
 - Starfsfólk leikskólans er með samræmdar aðferðir á öllum deildum þegar kemur að samskiptum. Er þetta gert til að skapa öryggi hjá barninu og komast hjá óþarfa vanlíðan
 - Það eru mikið notaðar myndir og sögur til að barnið sjái og viti hvað er ætlast til af því
 - Barnið er undirbúið undir það sem er væntanlegt í starfinu svo það hafi smá fyrirvara um að nú þurfi að hætta því sem það er að gera
 - Við hvetjum börnin til sjálfshjálpar
 - Við hvetjum börnin til að efla alla gróf og fínhyreyfingar með því að þau prufi að gera allt sjálf (það má gera mistök)
 - Æfingin skapar meistarann 😊

- 
- Við hvetjum börnin áfram í leik og samskiptum hvort við annað, leiðbeinum þeim hvernig vinir haga sér, hvernig vinir tala hver við annan.
 - Hvað er gott að gera til að vera góður vinur.
 - Höfðum til eigin líðan með því að leiðbeina börnunum um hvernig þeim líður ef einhver vill ekki vera með þeim eða segir ljót orð.
 - Blær bangsi hjálpar okkur að læra þessi samskipti.
 - Við sitjum við matarborðið meðan við erum að borða.
 - Við æfum okkur í að nota hnífapör.
 - Biðjum um aðstoð ef á þarf að halda og tölum fallega hvort við annað.
 - Við þökkum fyrir matinn þegar við erum orðin södd og göngum sjálf frá.
- 

Hvað er Hljóm-2 ?

- Hljóm-2 er greiningartæki/próf í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund hjá elstu börnunum í leikskóla. Hugmyndirnar að baki verkefnum í greiningartækinu byggja á því að hægt sé, með fyrirbyggjandi aðgerðum, að draga úr fjölda þeirra barna sem lenda í lestrarerfiðleikum.
- Taka verður tillit til þess að með Hljóm-2 er aðeins skoðað hvort um vísbendingar um erfiðleika sé að ræða, en ekki endanlega niðurstöðu um gengi lesturs í skóla. Niðurstöðurnar fá foreldrar og einnig grunnskólinn.
- Hljóm-2 skiptist í sjö þætti, það eru; rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreiningu, margræð orð, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu (Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2003).

Hvað er TRAS (n: Tidlig registrering af språkuðvikling) ?

- TRAS er skráningaraðferð til að fylgjast með málþróun og málhegðun allra tveggja til fimm ára barna og upplýsingar sem skráðar eru byggjast á markvissum athugunum í daglegum samskiptum við barnið. TRAS er ekki málþroskapróf en spurningarnar sem leitað er svara við eru byggðar á niðurstöðum þekktra málþroska- og atferliskvarða. Spurningarnar flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert og eitt skiptist í nokkra þætti. Færnisviðin eru;
- Samleikur/félagsfærni, tjáskipti/samskipti og athygli/einbeiting málskilningur og málvitund, framburður, orðaforði og setningamyndun.
- Markmiðin með notkun TRAS eru að samræma skráningu á málþroska og að unnt sé með slíkri skráningu að grípa til snemmtækrar íhlutunar ef grunur vaknar um frávík. Einnig að foreldrar og aðrir í umhverfi barnsins fái leiðbeiningar og ráðgjöf um hvernig best sé að hjálpa barninu (Björk Alfreðsdóttir og fl., 2013).
- TRAS er góður upplýsingabrunnur ef leita þarf ráðgjafar eða samstarfs við sérfræðinga utan leikskólans. Foreldrar eru upplýstir um framvindu barna sinna í foreldrasamtölum einnig fær grunnskólinn niðurstöðurnar